

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Rasks-sjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. okt. 1960. 180
12. okt.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rasks-sjóð.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af íslenskum stúdentum, er stundað hafa nám við Kaupmannahafnarháskóla, í því skyni að styrkja danskan stúdent til námsdvalar við Háskóla Íslands. Nefnist hann Rasks-sjóður, til minningar um Rasmus Kristian Rask.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, aðaldeild. Af ársvöxtum skal leggja $\frac{2}{5}$ við höfuðstólinn, en $\frac{3}{5}$ vaxtanna skulu greiddir Háskóla Íslands.

3. gr.

Af vöxtum sjóðsins má veita dönskum stúdentum styrk til námsdvalar við Háskóla Íslands. Skulu þeir stúdentar ganga fyrir öðrum, sem leggja stund á að nema íslenzk fræði. Verði styrkur ekki veittur eitthvert ár, má geyma úthlutunarféð og nota síðar í sama skyni.

4. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og ræður háskólaráð styrkveitingum úr honum. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra sjóða háskólans og birtir í Árbók Háskóla Íslands.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

181
13. okt.

Frá og með 14. október 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag, á lyfsöluskrá II. frá 10. desember 1968.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytingu, 13. október 1960.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.